

## Leiðari forstjóra

### Greiðslumark ársins 2012

Sala mjólkurafurða undanfarna 12 mánuði, birgðastaðan og horfur framundan gefa að mati stjórnar Samtaka afurðastöðva í mjólkuriðnaði tilefni til þess að ætla að greiðslumark ársins 2012 gæti orðið um 114,5 m.ltr. Þetta er um 1,5 milljónum lítra minna greiðslumark en á síðasta ári, sem er um 1,3% samdráttur. Skýringin er sú að undanfarin 3 ár hefur greiðslumark verið aðeins yfir innanlandssölu. Það hefur leitt til þess að birgðir hafa aðeins aukist og fyrirtæki í mjólkuriðnaði hafa þurft að flytja út greiðslumarksmjólk eins og kemur fram í töflunni hér að neðan. Meðal skýringa eru breyttar neysluvenjur eftir hrúnið 2008. Almennur 8% samdráttur hefur orðið í dagvöruverslun, sem rekja má til samdráttar í ráðstöfunartekjum heimilana. Sá samdráttur kemur vel fram á súlu-/línuritinu sem hér fylgir og er frá Hagstofunni. Þar sýnir línan þróun ráðstöfunartekna á mann (breytingu milli ára) undanfarin fimmtán ár. Mjólkurvöruneyslan hefur haldið sér mun betur en neysla í öðrum vörflokkum, en þó sjást hér áhrif. Þá skiptir einnig máli betri nýting hráefnis í vinnslu en áður eftir þær breytingar sem gerðar hafa verið á starfsemi vinnslufyrirtækjanna. Fyrstu drög að söluspám fyrir árið 2012 benda til þess að salan gæti orðið mjög svipuð og 2011.

### Sala á kálfadufti hefst í október

Sala á innlendu kálfadufti er að hefjast. Mjólkursamsalan hefur þróað tvær tegundir dufts til sölu hér á markaði. Duftið á að vera samkeppnisfært í verði og efnainnihaldi við innfluttar vörur. Kálfaduftið verður vitaskuld framleitt úr greiðslumarksmjólk, en uppistaðan í framleiðslunni er mysuþykki svo að ekki er þess að vænta að góður árangur í sölu skili sér í umtalsverðri aukningu í greiðslumarki.




Stefnt var að því að koma þessu dufti á markað í upphafi þessa árs. Félagið lenti í verulegum byrjunarefildleikum í framleiðslunni, sem að hluta má rekja til þess að dufttækin á Selfossi urðu fyrir verulegum skaða í sprengingu í fyrravor. Þau hafa enn hefur ekki verið að fullu lagfærð vegna anna við gerð undanrennudufts. Því tókst ekki að ná að fullu tökum á framleiðsluferlinu á þessari nýju vöru tegund fyrir en í sumar. Gert er ráð fyrir að fyrsta sending af duftinu verði komin til fóðursmálsala í annarri viku október.

### Þörf fyrir áframhaldandi hagræðingu í rekstri Mjólkursamsölnnar

Mjólkursamsalan hefur náð verulegum árangri í endurskipulagningu mjólkursöfnunar, vinnslu og dreifingar frá stofnun félagsins. Gera má ráð fyrir því að árið 2011 verði kostnaður við þessa þætti hátt í tveimur milljörðum króna lægri á ársgrunni en í upphafi, mælt á verðlagi ársins 2011. Mestum hluta þessa ávinnings hefur verið skilað til neytenda í raunlækkun vöruverðs og til bænda í gegnum mjólkurverðið.

Ýmsir kostnaðarliðir hafa þróast í óhagstæða átt á þessu ári og því verður þessari hagræðingavinnu haldið áfram. Óhagstæð þróun gengis kostar fyrirtækið milli tvö og þrjú hundruð milljónir króna árið 2011 samanborið við fyrra ár. Þetta er fyrst og fremst vegna innkaupa á umbúðum og íblöndunarefnum. Þá má nefna að kjarasamningar sem gerðir voru í vor verða Mjólkursamsölnunni dýrir. Gert er ráð fyrir að launakost-



aður félagsins muni að öðru óbreyttu hækka um 400 milljónir króna á þremur árum. Þegar á þessu ári kemur fram á annað hundrað milljóna króna hækkan launakostnaðar að öðru óbreyttu. Þá er jafnframt ljóst að ýmis ytri kostnaður fyrirtækisins mun hækka vegna þessara saminga. Þó að mikilvægur áfangi hafi náðst í fyrra þegar Mjólkursamsalan skilaði í fyrsta sinn hagnaði eftir sameiningu í mjólkuriðnaði er þessi hagnaður einungis 1,6% af veltu og því í raun ekkert borð fyrir báru. Þessum kostnaðarhækkunum verður einungis mætt með verðhækkunum og áframhaldandi hagræðingu í starfsemi. Félagið mun því halda áfram að einfalda framleiðsluferli á öllum vinnslustöðvum, taka út óhagkvæmar vinnslulínur, breyta akstursskipulagi í söfnun og dreifingu og leita annarra leiða. Nú stendur yfir mikið átak til að hagræða í flutningum og gert er ráð fyrir að á tveimur árum takist að lækka flutningakostnað um 200 milljónir króna með þessum aðgerðum. Nú þegar hefur tekist að fækka um sjö stóra mjólkurbíla og flutningabíla með þessum aðgerðum.



## Skyrúflutningur til Finnlands vex hratt – Hleðslan næst

Mjólkursamsalan gerir ráð fyrir því að á seinni hluta þessa árs verði fullnýttur útflutningskvóti fyrir til Evrópusambandsins með þeirri þróun sem er í útflutningi til Finnlands síðustu vikur. Árskvótanum er skipt í tvennt og horfur á seinni helmingi ársins benda til þess að 190 tonna kvóti þess árhelmings klárast. Því eru líkur til þess að á næsta ári lendi félagið í tolli með hluta útflutnings til Finnlands nema takist að auka kvótann. Á það er nú látið reyna. Fyrstu spár benda til þess að skyrúflutningur á næsta ári verði um 550 tonn til Finnlands og Bandaríkjanna. Það samsvarar ársframleiðslu 8 meðalbúa.

Í nóvember fer fyrsti gámur af Hleðslu próteindrykknum til Finnlands og binda menn töluverðar vonir við hann þar. Hleðsla er próteindrykkur unnin úr mysu sem fellur til við ostavinnsluna. Hleðslan verður seld í Finnlandi undir vörueitinu RENUÉ, sem skráð hefur verið um alla Evrópu sem vörumerki fyrir Mjólkursamsöluna. Á myndinni sem fylgir sést útlit dósanna með finnsku áletuninni.

## Spár um mjólkurverð á alþjóðamarkaði

Horfur eru á að mjólkurvöruverð á alþjóðamarkaði lækki eitthvað frá því sem hæst var í sumar. Verðið hefur verið mjög sveiflukennt undanfarin ár eins á sjá má á meðfylgjandi línuritum sem sýna 15 ára sögu á markaði fyrir undanrennuduft og smjör. Verðið á smjöri var einkar hátt í sumar. Því hefur verð til bænda fyrir umframjólki farið hækkanði á þessu ári og er nú 50kr. fyrir magn sem samsvarar 2% af greiðslumarki hvers og eins og 40kr. fyrir aðra umframjólki.



Í skýrslu OECD og FAO um matvælamarkaðinn og horfur á næstu árum, sem út kom í sumar, er gert ráð fyrir því að eftir að verðið hefur lækkað eitthvað muni það hækka eitthvað að nafnvirði út áratuginn, en á móti muni tilkostnaður við framleiðslu aukast og því verði ekki raunverðshækkun.

Horfur eru á að umframjólkurframleiðsla á Íslandi verði hátt í 9 milljónir lítra á þessu ári, sem er liðlega 7% af framleiðsluni. Með einföldum hætti mætti segja að afkoman af þessum útflutningi yrði best fyrir bændur ef hann væri skyr og smjör fremur en duft og smjör. Ef breyta ætti allri duftframleiðslunni í skyr væri hægt að meira en sexfalda skyrúflutning ársins 2011 áður en þörf væri fyrir meiri umframjólki.

Einar Sigurðsson forstjóri

